CENTRINNO

New CENTRalities in INdustrial areas and engines for inNOvation and urban transformation

verkefni styrkt af Horizon 2020 áætlun Evrópusambandsins

Samstarf um uppbyggingu skapandi miðstöðva á níu stöðum í Evrópu.

Í verkefninu er lögð áhersla á nýsköpun og þróun byggða sem byggir á menningarsögu borga og svæða. Í verkefninu verður byggð upp **aðstaða fyrir nýsköpun og þróun** með **áherslu á umhverfisvernd** og þar af leiðandi **sveðisbundin hráefni**. Jafnframt er lögð áhersla á námskeiðshald og að handverksfólk, hönnuðir og listamenn eigi þess kost að tileinka sér stafræna tækni við sína hönnun, framleiðslu og kynningu á sínum vörum. Í verkefninu felst að boðið verður uppá námskeið þar sem þátttakendur geta jöfnum höndum lært hefðbundið handverk og stafræna tækni. Í Textílmiðstöðinni verður lögð áhersla á að nýta **innlend hráefni með áherslu á íslensku ullina** enda miðstöðin staðsett í einu helsta sauðfjárræktarhéraði landssins. Menningararfurinn verður notaður sem innblástur en megináherslan í verkefninu er að byggja upp aðstöðu og aðgengi að stafrænni tækni um leið og íslensk textíl menning verður í heiðri höfð. Í Textílmiðstöðinni er til staðar vinnuaðstaða með áherslu á hefðbundið handverk og er því áherslan á að byggja upp aðstöðu, aðgengi og kunnáttu á stafrænni textílframleiðslu. **Tilgangurinn með verkefninu er að efla og auka verðmæti í innlendri textílframleiðslu.** Sú heildræna nálgun sem verkefnið byggir á er er ætlað að skapa frjósaman jarðveg sem hleypir nýju lífi í þær menningarlegu rætur sem eru til staðar þannig að þær geti blómstrað á nýjan leik og með enn fjölbreyttari hætti. Á Íslandi eru það þrjár stofnanir; Textílmiðstöð Íslands og Þekkingarsetur á Blönduósi, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Háskóli Íslands sem hafa samstarf um verkefnið.



TEXTÍLMIÐSTÖÐ ÍSLANDS

Textílmiðstöð Íslands stýrir þeim meginþætti verkefnissins að byggja um miðstöð þróunar og sköpunar í textíl á Íslandi og fær Textílmiðstöðin í styrk til verkefnissins rúmar 70 miljónir íslenskra króna.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Nýsköpunarmiðstöð Íslands er samstarfsaðili Textílmiðstöðvar í verkefninu og leggur til sína sérþekkingu á uppbyggingu á Fablab stöðvum og tækni og fær í styrk til verkefnissins um 25 miljónir íslenskra króna.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Háskóli Íslands stýrir rannsóknarþætti verkefnissins þar sem m.a. verða skoðaðar staðalmyndir tengdum textílhandverki og tækni og fær í styrk til verkefnissins rúmar 27 miljónir íslenskra króna.

Samstarfsaðilar verkefnissins eru 26 stofnanir og fyrirtæki í 9 löndum.

Heildarupphæð verkefnissins er rúmar 8 miljónir evra.

Verkefnið hefst haust 2020 og stendur yfir í 42 mánuði.

Verkefnið kemur til framkvæmda í eftirfarandi borgum;

Amsterdam

Barcelona

Blönduós

Genf

Kaupmannahöfn

Mílanó

París

Tallinn

Zagreb

Það sem stefnt er að á Íslandi

Markmiðið er að gera Blönduós að **blómlegri miðstöð textíls** á Íslandi þar sem boðið er upp á nútímalega aðstöðu til **rannsókna, þróunar og kennslu á sviði textíls**. Með verkefninu skapast einstakt tækifæri til nýsköpunar og atvinnuuppbyggingar á svæðinu. Forsenda þessa er, að hægt verði að nýta núverandi húsnæði Kvennaskólans fyrir starfsemina og umrædda uppbyggingu. Lykillinn að verkefninu er að fara fljótt í uppbygginu á Kvennaskólalóðinni til að hýsa verkefnið og að tímaáætlun standi.

Markmið í tengsl við CENTRINNO:

2	**Fyrirtæki stofnað**
3	**Störf sköpuð**
10	**Textílvörur í framleiðslu**
15	**Sögur safnað**
25	**Samstarfsaðilar**
30	**Hagsmunaaðilar**
30	**Sérfræðingar sem taka þátt**
250	**Kynningarfundir og kynningar fyrir almenning**
300	**Citizens involved - námskeið fyrir almenning**

Það sem er unnið að nú þegar:

Rannsóknir: HÍ, Viðhorf bænda til ullarinnar - Sögursöfnun: Ullarrannsókn, myndatöku (ull), undirbúning podcast - Undirbúningur fyrir aukna starfsemi og framleiðslu í textíl: greining á tækjaþörf Textílmiðstöðvarinnar, umsókn Innviðasjóð - Myndun tengsl og samstarf: SSNV, Byggðasamlag, LHÍ, HÍ, Nýsköpunarmiðstöð- mikilvægur þáttur að styrkurinn fékkst frá Innviðasjóð

